



# HRUNAMANNAHREPPUR

43. FUNDUR HREPPSNEFNDAR  
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 2. FUNDUR ÁRSINS  
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 11. FEBRÚAR 2009  
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 11. febrúar kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri sem skráði fundargerð og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna sérstaklega sýslumann Árneseinga, Ólaf Helga Kjartansson, Odd Árnason yfirlögregluþjón og Þorgrím Óla Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að fá að leggja fram a. Bréf frá Vegagerðinni dagsett 6. febrúar s.l. vegna óskar um framkvæmdaleyfi v. Bræðratunguvegar, b. Fundargerð aðalfundar skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árneseyslu og Flóahrepps með gjaldskrá og kostnaðarskiptingu frá 28. janúar s.l. c. bréf sem barst í tölvupósti í gær frá Svani Einarssyni ósk um skipan matsnefndar lagt fram til dreifingar.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Heimsókn Sýslumanns- , Yfirlögreglu- og aðstoðaryfirlögregluþjóns Árneseyslu.
2. Þriggja ára Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010-2012 afgangi ( óbreytt frá síðasta fundi ).
3. Umræða um stöðu efnahagsmála – og atvinnumála í Hrunamannahreppi.
4. Bakkatúnsvegur kæra vegna eignarnáms.
5. Framkvæmdaleyfi v. Bræðratunguvegar.
6. Bréf frá Svani Einarssyni:

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. 11. fundur Landbúnaðarnefndar frá 19. janúar s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneseyslu og Flóahrepps.

1. 9. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 28.janúar s.l.
2. 18. fundur Afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 21. janúar s.l.
3. Ársskýrsla Skipulags og byggingarfulltrúa 2008
4. Byggingarfulltrúi bréfaskipti v. Ásabyggðar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: 167 fundur stjórnar frá 27. janúar s.l.
- b. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 116. fundur frá 27. janúar s.l.
- c. Skólaskrifstofa Suðurlands: 111. stjórnarfundur frá 12. janúar s.l.

Aðrar upplýsingar:

- a. Sambandið: 760. stjórnarfundur frá 23. janúar s.l.
- b. Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið: Endurnýjun lögreglusamþykktar.
- c. Sambandið: Megináhersla í úrgangsmálum bréf frá 27. janúar s.l.
- d. Minnisþing frá ÍGP v. fyrsta fundar nýrrar Almannavarnarnefndar
- e. Vegagerðin: Ósk um framlag úr Fjallvegaskjóði bréf frá 29. jan. s.l.
- f. Upplýsingar frá fundi Veidifélags Árneseinga við við Stóru-Laxá
- g. Reglugerð um raf- og rafeindatækjabúnað

Fundir framundan:

- Íslensk byggðamál á krossgötum: Borgarnes 20. febrúar n.k.
- Aðalfundur landssamtaka landeigenda á Íslandi Hótel Sögu 20. febrúar n.k. ( Harvardsal II )
- Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 13. mars n.k.

### Gengið til dagskrár:

1. **Heimsókn Sýslumanns- og Yfirlögreglu- og Aðstoðaryfirlögregluþjóns Árnassýslu.** Sýslumaður hafði boðað komu sína en hann og yfirlögreglu- og aðstoðaryfirlögregluþjónn eru á vísitási um Árnasping. Embættið kappkostar að hafa sem best samband við sveitarstjórnir og íbúa á svæðinu. Farið var yfir helstu verkefni embættisins sem tengjast málefnum Hrunamannahrepps og sýslunnar í heild bæði hvað varðar löggæslumál og önnur mál tengd embættinu. Oddviti þakkaði embættismönnum fyrir komuna og þær upplýsingar og þá umræðu sem átti sér stað á fundinum.
2. **Þriggja ára Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010-2012 afgangiðsla ( síðari umræða).** Oddviti opnaði á ný umræðu um áætlunina en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi hreppsnefndar. Vísað er til framlagðra gagna. Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samhljóða.
3. **Umræða um stöðu efnahagsmála – og atvinnumála í Hrunamannahreppi** Oddviti hóf umræðuna en ákveðið var á síðasta hreppsnefndarfundum að ræða um þetta málefni. Í Hrunamannahreppi eru 13 skráðir atvinnulausir nú um stundir. Rætt var vítt og breytt um stöðu mála og hugsanlegar framkvæmdir en Hrunamannahreppur hefur mjög lítið framkvæmdafé. Rætt var um framkvæmdir s.s. brú við Hvítá, Bakkatúnsveg og byggingu íbúða fyrir aldraða, viðhaldsverkefni á eignum sveitarfélagsins, hitaveituf framkvæmdir o.m.fl.
4. **Bakkatúnsvegur kæra vegna eignarnáms.** Oddviti kynnti bréf sem borist hefur frá Samgönguráðuneyti sem óskar eftir umsögn Hrunamannahrepps um kæru vegna eignarnáms við lagningu Bakkatúnsvegur frá Klemenzi Eggertssyni, hdl. f.h. Árna Hjaltasonar. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra og Helga Jóhannessyni, hrl. að svara framkomnu bréfi ráðuneytisins.
5. **Bræðratunguvegur – vegna framkvæmdaleyfis:** Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni dagsett 6. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar lagningu Bræðratunguvegar sem liggur innan Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd Hrunamannahrepps samþykkir samhljóða að veita leyfið og felur skipulagsfulltrúa að gefa út leyfið f.h. hreppsins. Hreppsnefnd fagnar framkvæmdinni.
6. **Bréf frá Svani Einarssyni v. matsnefndar:** Afgreiðslu frestað.

### Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps

1. **11. fundur Landbúnaðarnefndar frá 19. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 11. fundar landbúnaðarnefndar. Umhverfisnefnd mætti einnig á fundinn. Farið var yfir kort, sem nefnd um utanvegaakstur sendi og merktir voru inn þeir slóðar sem vantar inná kortið. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð.

### Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. **9. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 28. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar byggingar og skipulagsfulltrúar frá 28. janúar sl. Farið var yfir 6 mál vegna Hrunamannahrepps. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

2. **18. fundur Afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 21. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar byggingarfulltrúa, engin mál fyrir Hrunamannahrepp voru tekin fyrir. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð.
3. **Ársskýrsla Skipulags og byggingarfulltrúa 2008** Oddviti kynnti ársskýrslu Skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir síðasta ár. Um 370 mál voru tekin fyrir í nefndinni og er hlutur Hrunamannahrepps um 8 %. Auglýstar skipulagsáætlanir voru 70 og 15% var fyrir hreppinn.
4. **Byggingarfulltrúi bréfaskipti v. Ásabyggðar.**  
Oddviti kynnti bréf sem byggingarfulltrúi hefur send íbúa við Ásabyggð vegna byggingar gestahúss.
5. **Aðalfundur skipulags- og byggingarfulltrúaembættis uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps bs. frá 28. janúar s.l.** Þar er tillaga að gjaldskrá og kostnaðarskiptingu embættisins. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina, gjaldskrá og kostnaðarskiptingu.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. **Sorpstöð Suðurlands: 167 fundur stjórnar frá 27. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 116. fundur frá 27. janúar s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. **Skólaskrifstofa Suðurlands: 111. stjórnarfundur frá 12. janúar s.l.** Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

**Aðrar upplýsingar:**

- a. **Sambandið: 760. stjórnarfundur frá 23. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
  - b. **Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið: Endurnýjun lögreglusamþykktar.** Lagt fram til kynningar.
  - c. **Sambandið: Megináhersla í úrgangsmálum bréf frá 27. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
  - d. **Minnispunktur frá ÍGP v. fyrsta fundar nýrrar Almannavarnarnefndar** Lagt fram til kynningar.
  - e. **Vegagerðin: Ósk um framlag úr Fjallvegasjóði bréf frá 29. jan. s.l.** Lagt fram til kynningar.
  - f. **Upplýsingar frá fundi Veiðifélags Árnésinga við Stóru-Laxá** Lagt fram til kynningar.
  - g. **Reglugerð um raf- og rafeindatækjabúnað** Lagt fram til kynningar.
- Fundir framundan:**
- **Íslensk byggðamál á krossgötum: Borgarnes 20. febrúar n.k.**
  - **Aðalfundur landssamtaka landeigenda á Íslandi Hótel Sögu 20. febrúar n.k. ( Harvardsal II )**
  - **Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga 13. mars n.k.**

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 17.15